

Ríkissafn

Ágúst 2023



Fyrir hverja

Ríkissafn langt er fyrir þá sem vilja fjárfesta eingöngu í ríkisskuldabréfum, þola sveiflur í ávöxtun og hyggjast ekki ganga á inneign sína á næstu 12 mánuðum.

Lítill Mikill

- Skuldaraáhætta (tapsáhætta)*
- Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)*

* Nánar, sjá baksíðu.

Upplýsingar

Stofndagur: 13.03.2009
Fjöldi sjóðfélaga: 226
Heildarstærð m.kr: 1.368

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er um 0,3% af meðaleignum.

Kennitölur og tölfærði

Meðaltími skuldabréfa: 5,5 ár
Staðalfrávik ávöxtunar: 3,3%
5% VaR(mán. tímabil): -1,2%
Sharpe hlutfall: 0,4
Útreikningar miðast við mánaðarleg gildi sl. 3 ár.
Nánar um kennitölur og tölfærði, sjá baksíðu.

Fjárfestingarstefna

	Stefna	Lágmark	Hámark
Ríkisskuldabréf	100%	70%	100%
Innlán,laust fé		0%	30%
Meðaltími	5 ár	3ár	8 ár

Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sími 510-2500
Fax 510-2550
almenni@almenni.is
www.almenni.is

Um safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta sparnað sinn í safni sem fjárfestir í ríkisskuldabréfum með langan meðaltíma. Skuldabréfin eru að mestu leyti verðtryggð.

Ríkissafnið hentar sjóðfélögum sem vilja ávaxta inneign sína í meðallöngum ríkisskuldabréfum og geta þolað sveiflur í ávöxtun. Áætlaður meðaltími safnsins er 3-8 ár og safnið fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins sem eru að hluta verðtryggð. Við bendum sjóðfélögum sem eru 58 ára og eldri og hyggjast ganga á inneign sína fljótlega að það geta verið sveiflur á gengi safnsins þar sem meðaltími þess er meðallangur. Skuldaraáhætta í safninu er í lágmarki þar sem fjárfest er í skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Sveiflur í ávöxtun safnsins geta verið töluverðar þar sem meðaltími skuldabréfaeignar safnsins er meðallangur.

Orðsending sjóðstjóra

Ríkissafnið hækkaði um 0,3% í júlí og hefur lækkað um 6% frá áramótum. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa hækkaði í júlí, sem þýðir lækkan á verði skuldabréfa en á móti þeirri lækkan vann hækkan á vísitölu neysluverðs sem hækkaði um 0,85% í mánuðinum. Verðtryggð vísitala Kauphallarinnar með 5 ára meðaltíma lækkaði um 0,4% í júlí en hefur hækkað um 3,9% frá áramótum.

Eignasamsetning


Stærstu eignaflokkar	Eign
Verðtryggð ríkisbréf	89,6%
Innlán	7,0%
Óverðtryggð ríkisbréf	3,3%
	100%

Ávöxtun, %

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Frá áramótum	6,0%	-0,2%
SL 1 ár	1,3%	-6,9%
SL 3 ár	2,2%	-4,7%
SL 5 ár	4,9%	-0,7%
SL 10 ár	4,8%	1,0%
Frá stofnun	6,9%	2,7%


Verðbréfaflokkar

Flokkur	Vægi
Ísland - ríkisábyrgð	93,0%
Innlán	7,0%
	100,0%




■ Ísland - ríkisábyrgð ■ Innlán

Gengispróun sl. 10 ár



Gengispróun sl. 1 ár



Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Ríkissafn langt er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

Um skuldara- og markaðsáhættu

Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáhætta er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefenda í söfnum.

Markaðsáhætta

Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáhættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáhættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðsluflæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáhætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.